

SEGÐU FRÁ BARNÆSKU ÞINNI

OG SEGÐU ÆVINTÝRI

Barnið þitt þróar mál sitt með því að heyra sögur og ævintýri og um leið færð þú tækifæri til að deila hluta reynslu þinnar og sögum sem þú heyrðir sjálf/ur þegar þú varst barn.

HÉR GETUR ÞÚ FENGIÐ HUGMYNDR AÐ ÞVÍ HVERJU ÞÚ GETUR SAGT BARNINU ÞÍNU FRÁ:

- Frásagnir frá barnæsku þinni
- Fjölskyldan; mamma, pabbi, systir, bróðir, afi, amma, frændi, frænka og systkinabörn.
- Venjulegur dagur í barnæsku þinni
Hvað gerðu pabbi þinn og mamma?
Hvar bjuggu þið?
- Tímstundir
Íþróttir, teikningar, lestur, leikföng, leikir
- Skóli
Reynsla, námsgreinar, kennarar, skólafélagar
- Skemmtilegar upplifanir
- Brúðkaup, veisla, skírn eða nafnagjöf og e.t.v. jarðaför

Ævintýr

Ef þú manst eftir ævintýrum sem þér voru sögð þegar þú varst barn, reyndu þá að segja barninu þínu þau. Þú getur líka farið með vísur og þulur og sungið barnasöngva frá því þú varst barn.

Það er gott fyrir málþroska barnsins þíns að þið lesið bækur saman.

Það er mælt með því að þegar foreldrar lesa upphátt ræði þeir efni og myndskreytingar bókarinnar við barnið sitt. Bóklestur með spjalli nefnist **SAMRÆÐULESTUR**.

Hlustaðu og gefðu barninu góðan tíma til að segja frá.
Talaðu um hvað sum orðin nefnast á öðrum tungumálum.

Hér eru tillögur að því sem þú getur gert meðan þú lest upphátt:

RÁÐ

RÁÐ FYRIR SAMRÆÐULESTUR:

Skoðið forsíðu bókarinnar og talaðu við barnið þitt um myndirnar og bókatitilinn.

- Spurðu: Um hvað heldur þú að bókin sé?

Lestu upphátt 1 – 2 blaðsíður. Stöðvaðu lesturinn og talið saman um hvað hafi gerst í sögunni.

- Spurðu: Hvað heldur þú að gerist næst?

Talið um persónur í bókinni, mismunandi orð og hvað þau þýða o.s.frv.

Spurðu:

- Hvað er andstæðan við ?
- Hvað er?
- Hver gerði...?

Ráð fyrir upplestur:

Lestu oft- það skiptir meira máli heldur en sá tími sem að þú lest hverju sinni.

Lestu helst sömu bókina aftur og aftur.

Þú getur líka lesið upphátt úr öðru en bókum t.d. sjónvarpinu, gsm-símum, umferðamerkjum og mjólkurfernum.

Útskýrðu flókin orð fyrir barninu þínu.

RÁÐ TIL FORELDRA:

Á bókasafninu getur þú fengið lánaðar myndabækur á íslensku. Þú getur einnig fengið lánaðar bækur á ýmsum öðrum tungumálum. Þú getur spurt bókaforðinn og hann getur jafnvel pantað fyrir þig bækur sem eru til í öðrum söfnum.

Þú getur einnig beðið leikskólakennara um að benda þér á bækur sem gott er að lesa upphátt fyrir barnið og fjalla um það sem barnið hefur áhuga á eða hefur verið lesið í leikskólanum.

FRÁSAGNIR

MEÐ MYNDUM

Horfið á ljósmyndir í myndaalbúmi eða á myndir af fólki í fjölskyldunni og af atburðum sem þið í fjölskyldunni hafið upplifað saman. Þið getið einnig skoðað teikningar barnsins.

SPURÐU BARNIÐ ÞITT:

- Hvað ert þú að gera á myndinni?
- Hvað var að gerast þarna?
- Hvað var skemmtilegt?
- Hvað fannst þér vera skrýtið?

RÁÐ

RÁÐ TIL LEIKSKÓLAKENNARA:

Þið getið prentað út myndir sem sýna reynslu barnsins í leikskólanum.

Foreldrarnir geta farið heim með myndina og notað hana til að hvetja barnið til að segja frá reynslu sinni.